

Sigurjón M. Egilsson
Perlukór 3a
203 Kópavogi.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Með bréfi dags., 29. nóvember sl. sagðir þú upp starfi þínu sem ritstjóri Blaðsins samkvæmt endurskoðuðum ráðningarsamningi þínum við Ár og dag ehf., frá 21. september sl. Þegar endurskoðun samningsins fór fram gengu þær sögur fjöllumum hærra að þú hefðir þá þegar ráðið þig til starfa sem ritstjóri DV, sem 365 miðlar hf., gefa út. Aðspurður þvertókstu fyrir þetta og sagðir að þér stæðu til boða ýmis störf m.a. utan fjölmiðla og þangað stefndi hugur þinn. Á daginn hefur hins vegar komið að þetta var hrein lygi hjá þér. Því samkvæmt skriflegum gögnum, sem Ár og dagur ehf., hefur undir höndum hafðir þú frumkvæðið að því að ráða þig til 365 miðla hf., í september til að ritstýra DV. Samkvæmt ráðningarsamningi, sem þú gekkst frá við 365 miðla hf., áttir þú að hefja störf hjá félaginu frá og með 1. október sl. Samningur þinn við 365 miðla hf., var til átján mánaða. Auk þess sem sú kvöð var lögð á þig að hefja ekki störf hjá samkeppnisaðilum 365 miðla hf., næstu sex mánuði eftir lok hinnar tímabundu ráðningar hjá félaginu. Þú munt hafa gert forsvarsmönnum 365 miðla hf., grein fyrir því að uppsagnarfrestur þinn hjá Ári og degi ehf., væri átta mánuðir. Með sérstakri yfirlýsingu þinni, sem 365 miðlar hf., samþykktu, lýstir þú því með hvaða hætti þú ætlaðir að efna ákvæði ráðningarsamningsins um starfslok hjá Ári og degi ehf. Samkvæmt heimildum Árs og dags ehf., léstu að því liggja að ágreiningur væri um ritstjórnarstefnu Blaðsins. Er þá væntanlega komin skýring á því hvers vegna þú reyndir tvo fimmtudaga í röð í september að hlaupa á dyr eftir að hafa komið á stað ágreiningi við auglýsingastjóra Blaðsins vegna meintra brota hans gegn ritstjórnarlegu sjálfstæði þínu. Þegar ágreiningsefnið var krufið til mergjar kom hins vegar á daginn að um hrein og klár mistök hafði verið að ræða. Verður fróðlegt að sjá, ef á reynir, hvort yfirlýsing þín til 365 miðla hf., geymir hernaðaráætlun í þá veru, sem þær árásir sem auglýsingastjóri Árs og dags ehf., mátti þola af þinni hálfu í september sl.

Það verður seint sagt um þig að þú hættir að koma mönnum, sem kusu að starfa með þér í góðri trú, á óvart. Samkvæmt fréttum fjölmiðla í síðustu viku munt þú nú vinna að stofnun nýs dagblaðs, sem verður í samkeppni við núverandi vinnuveitanda þinn Ár og dag ehf. Þá hefur einnig komið á daginn að þú hefur notað vinnutíma þinn hjá Ári og degi ehf., og alla aðstöðu á vinnustað til að reyna að ráða nokkra af starfsmönnum Árs og dags ehf., til starfa við hið nýja dagblað, sem þú átt að ritstýra. Þetta hátterni þitt felur í sér gróft brot á vinnuréttarlegum skyldum þínum við Ár og dag ehf. Uppsögn þín á starfi ritstjóra Blaðsins tók gildi þann 1. desember sl., og eru því liðlega sjö mánuðir eftir af átta mánaða uppsagnarfresti. Þrátt fyrir það hefur þú hafið störf í þágu annars aðila, þó þú hafir á hinn bóginn ekki upplýst hver hann er. Stjórn Árs og dags ehf., er hins vegar kunnugt um hver hann er.

Með vísan til þess sem að framan er rakið lítur stjórn Árs og dags ehf., svo á, að þú hafir hætt störfum hjá félaginu og hafið störf fyrir nýjan vinnuveitanda. Ár og dagur ehf., mun mæta öllum frekari brotum þínum á trúnaðarskyldu þinni gagnvart félaginu með viðeigandi hætti m.a. krefjast lögbanns við því að þú komir fram eða vinnir fyrir aðra fjölmiðla á yfirstandi uppsagnarfresti, hvort heldur sem þú kýst að gera það sem launþegi, ráðgjafi, verktaki eða sjálfboðaliði. Jafnframt mun Ár og dagur ehf., krefja þig um greiðslu skaðabóta vegna alls þess tjóns sem félagið hefur orðið fyrir eða kann að verða fyrir vegna hins ólögmeta brotthlaups þín úr starfi hjá félaginu.

Með vísan til þess sem að framan greinir er þér hér með lokað fyrir aðgang þinn að starfsstöð félagsins frá og með afhendingu þessa bréfs. Ár og dagur ehf., mun jafnframt fella niður allar greiðslur til þín samkvæmt ráðningarsamningi við félagið.

Ár og dagur ehf., mun senda fjölmiðlum afrit af bréfi þessu ásamt þeim gögnum sem félagið hefur um ráðningarsamning þinn við 365 miðla hf., frá því í september sl., enda brýnt að almenningur fái vitneskju um hvernig handhafar fjórðavaldsins umgangast sannleikann og samninga sem þeir hafa gert.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar Árs og dags ehf

Sigurður G. Guðjónsson
stjórnarformaður.